



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 31. ágúst 1987

124. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans
fimmtudaginn 27. ágúst 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Bogi Hallgrímsson, Hilmar Þór Hilmarsson, Jón Gunnarsson, Eggert Ólafsson, Ingimundur Þ. Guðmundsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Guðjón Kristjánsson, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Staða viðbyggingar og annarra framkvæmda.

Skólameistari skýrði stöðu framkvæmda í eldri hluta skólahússins og á Iðavöllum. Hann bar fram tillögu um að tekið verði á leigu húsnæði handa málmsuðu (sjá 5. lið dagskrár) og óskaði eftir afgreiðslu þess með þessum lið dagskrár. Hægt er að leysa húsnæðisvanda vélstjórnarbrautar með því að taka á leigu húsnæði að Iðavöllum 3 og flytja þangað málmsuðudeildina.

Skólameistari sagði frá því að fjárhagsáætlun virðist ætla að standa og óskaði eftir heimild til að kaupa ný húsgögn á skrifstofu í framhaldi af breytingum á skrifstofuhúsnæðinu, en það fellur undir normkostnað.

Ljóst er að nýbygging verður ekki tilbúin fyrir skóla-setningu. Verktaki þarf eina viku enn til að ljúka verkinu að fullu. Stefnt er að því að viðbyggingin verði afhent með viðhöfn þann 7. september 1987 kl. 10. Kennsla verður þá felld niður í tvo kennslutíma og nemendur, kennarar og gestir verði viðstaddir athöfnina. Húsnæðismál leysast með sjö kennslustofum í Holtaskóla í eina viku samkvæmt boði Sigurðar Þorkelssonar, skólastjóra.

Skólanefnd samþykkir að leigja viðbótarhúsnæði fyrir málmsuðu, kaupa ný húsgögn fyrir skrifstofu og að leitað verði tilboða í þau. Einnig að tekið verði við viðbyggingu með viðhöfn.

2. Upphaf haustannar 1987.

Skólameistari sagði frá skipulagi fyrstu daga annarinnar. Kennsla hefst 1. september skv. stundaskrá. 240 nýnemar eru innritaðir í skólann og eru einungis 19% þar af innritaðir á tæknisvið. Lýsti skólameistari áhyggjum sínum vegna þessa.

Flugliðabraut er nú kennd í síðasta skiptið á vegum skólans. Kennsla fer fram í húsnæði á Reykjavíkurlugvelli. 34 nemar voru teknir inn af um 100 umsækjendum.

Skólameistari gat þess að 65% af árgangi 1971 eru innritaðir í skólann og telur hann þá tölu of lága. Einn nýr kennari, Sara Harðardóttir, bætist í hópinn og nýr fjármálastjóri, Stefán Jónsson, tekur til starfa 1. september. Að öðru leyti er starfslið óbreytt.

Nemendur í dagskóla eru 630, tala öldungadeildarnema er enn óviss og ekki verður unnt að hefja kennslu á sjúkraliðabraut né skipstjórnarbraut vegna fárra umsókna.

3. Akstur með nemendum.

Aðstoðarskólameistari sagði frá reynslu af akstri með nemendum og skipulag þeirra mála. Formaður lagði til að akstursmál væru endurskoðuð reglulega og að innanbæjarakstur verði lagður niður, nema til komi eindregin ósk frá að minnst 20-25 nemendum um skólabíl í Keflavík.

4. Eldvarnir.

Stjórn skólanefndar barst bréf frá Brunavörnum Suðurnesja. Formaður skýrði frá því að liðir 1-3 í bréfinu væru í góðu lagi í skólanum. Formaður leggur til að nefndin samþykki að fela aðstoðarskólameistara að athuga hvað sjálfvirkir varnarkerfi kosti ásamt tengingu við slökkvistöð fyrir næsta fund og var það samþykkt. Fram kom að útgöngu- og neyðarlýsing væri í viðbyggingunni, en vantaði í eldri hluta skólans.

5. Leiguhúsnæði vegna málmsuðukennslu.

Afgreitt með 1. máli á dagskrá.

6. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá bréfi sem barst frá fjárhagsnefnd SSS vegna endurskoðunar á fjárhagsáætlun m.a. vegna launabreytinga. Bréf var sent til baka með beiðni um 470.000 króna aukningu við fyrri fjárhagsáætlun. Ástæður fyrir þessari aukningu eru aðallega fimm:

- 1) hærri laun fjármálastjóra
- 2) hækkun hitakostnaðar
- 3) aukinn fjármagnskostnaður
- 4) hreinsun á gluggatjöldum
- 5) aukinn ræstingakostnaður vegna nýbyggingar.

Svar hefur ekki borist enn frá fjárhagsnefndinni.

Skólanefnd samþykkir þessa aukningu.

b) Landssamband iðnaðarmanna heldur 42. Iðnþing 22.- 24. október n.k. á Akureyri. Iðnfræðsluskólar mega senda einn fulltrúa á þingið. Skólanefnd samþykkir að senda Hjálmar Árnason sem fulltrúa FS-og Sturlaug Ólafsson til vara.

c) Skólameistari bar fram tillögu um að hafist verði handa við trjárækt við skólann í tengslum við frágang á lóð við viðbygginguna skv. hugmyndum Sturlaugs Ólafssonar, svo fremi sem fjárhagsáætlun standist. Skólanefnd samþykkir það.

d) Varaformaður nefndarinnar, Hilmar Þór Hilmarsson, skýrði frá störfum húsnæðisnefndar. Störfum hennar er rétt ólokið. Spá Hjálmars Árnasonar var höfð til grundvallar. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskólanám á þessu svæði er lágt miðað við annarsstaðar á landinu fyrir utan Austurland. Í ljós kom einnig að það vantar tilfinnanlega tölulegar upplýsingar. Í skýrslunni eru ræddar leiðir til úrbóta, kostir þeirra og gallar.

e) Skólanefnd lýsir yfir þakklæti til Valtýs Guðjónssonar fyrir einstaklega vel unnin störf í þágu skólans.

f) Formaður þakkar Hilmar Þór fyrir ánægjulegt samstarf og óskar honum góðs gengis við ný verkefni, skólameistari og aðrir nefndarmenn taka undir þau orð.

Formaður þakkað góða fundarsetu, sleit formlegum fundi en nefndarmenn skoðuðu síðan nýbygginguna og breytingarnar á eldra húsnæði. Formlegum fundi lauk um kl. 18.20.


Guðmundur Björnsson
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari